

Leikskólinn Álftaborg

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	5
2.1	Innra mat - Seljaland	17
2.2	Innra mat - Hlíðarhvammur.....	20
2.3	Innra mat – Merkisteinn.....	26
2.4	Innra mat – Lækjarhvammur.....	29
2.5	Innra mat - sérkennsla.....	31
2.6	Innra mat – fjöltyngd börn	33
3	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	36
3.1	Starfsþróunarsamtöl.....	36
3.2	Námskeið og fræðsla 2022-2023.....	37
4	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	38
5	Foreldrasamvinna.....	38
6	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	39
7	Fylgigögn.....	39
7.1	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	39
7.2	4 ára matsáætlun	39
7.3	Samstarf milli skólastiga	39
7.4	Mats form	39
7.5	Foreldrakönnun form	39
7.6	Starfsmannakönnun form	39



Leiðarljós leikskólans:

„Að börn njóti bernsku sinnar þar sem hugað er að vellíðan þeirra og öryggi“.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Í Álftaborg er góður og stöðugur kjarni í starfsmannahópnum og mannauður mikill.

Hópurinn helgar sig sínu starfi og er innri hvati þeirra sem skín í gegnum starfið. Samvinna okkar allra byggir upp gott skólasamfélag. Ég er hreykin og stolt af mínu starfsfólki.

Haustið fór vel af stað. Búið var að ráða í allar stöður, en fljótt skipast veður í lofti sem hafði í för með sér að ráða þurfti inn fleira starfsfólk. Það var þrautin þyngri en gekk að lokum. Ekki tókst að ráða í stöðu sérkennslustjóra fyrr en í mars 2023 og hóf starfsmaður störf 1. júní síðastliðinn. Á meðan héldu deildarstjórar utan um sérkennslu sinnar deildar.

Aðlögun nýrra barna gekk vel og var henni lokið um miðjan september. Um haustið var ákveðið hvert skyldi halda í námsferð. Það var mikill áhugi fyrir ferðinni og mikil samstaða um hvert skyldi fara. Við fengum einn fræðslu pakka þar sem innihald námskeiðanna var „vinna með tilfinningar“.

Starfið fór af stað að hausti með áherslum okkar, lífsleikni, vinaverkefni Barnaheilla, fjölmeningu, læsi, umhverfismennt og þróunarverkefninu „heilbrigð sál í hraustum líkama“ sem er tengt menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Í lífsleikninni var unnið með vinsemd, samkennd, ábyrgð og virðingu.

Í fjölmeningunni var unnið inni á hverri deild með þjóðlönd þeirra barna sem eru í skólanum. Foreldrar voru mjög áhugasamir að kynna löndin fyrir börnunum og koma með hluti að heiman og sýna okkur sem er góð samvinna.

Í læsisverkefninu „Bókaormurinn“ voru teknar fyrir tvær bækur. Á eldri deildunum var unnið með bókina *Kuggur og geimveran* eftir Sigrúnu Eldjárn og á yngri deildunum *Skrímsli í heimsókn* eftir Áslaugu Jónsdóttur. Börnin fengu bækurnar heim, foreldrar lásu fyrir þau og skráðu upplifun og frásögn barnanna í þar til gerða bók.

Unnið er með *Lubbi finnur málbein* alla daga og er stígandi í því verkefni sem fylgir þeim eftir aldri.

Í umhverfismennt var markmiðið að vinna með „hvað verður um það sem við flokkum“ og hugtök sem tengd eru umræðu um umhverfismál. Mikil ræktun var í gangi og unnið með hringrás nýtingar og endurvinnslu og hugtök sem tengjast umhverfismálum. Einnig vorum við að vinna gegn matarsóun. Samræðan við börnin var „hvað getum við gert en ekki hvað höfum við gert“.

Markmiðið með verkefninu „heilbrigð sál í hraustum líkama“ var að veita nemendum markvisst heilsusamlegt umhverfi, bæði andlegt, félagslegt og líkamlegt. Það var unnið meðal annars með jóga, hreyfingu, fræðslu, samræður við börnin og þátttöku og hugmyndir þeirra um heilbrigði.

Barnameningarhátíð Reykjavíkurborgar var í apríl eins og undanfarin ár og ekki stóð á því að við tækjum þátt en lögin í ár voru eftir Ragnhildi Gísladóttur. Þátttaka barnanna er samstarfsverkefni Tónskóla Sigursveins og elstu barna leikskóla Reykjavíkur. Mikil vinna var lögð í æfingar, sem skilaði sér svo sannarlega á sviðinu í Eldborg í Hörpu. Það var yndisleg stund að upplifa.

Námsferð leikskólans var vel heppnuð í alla staði. Í samantekt sem átti sér stað eftir námskeiðin kom meðal annars eftirfarandi fram hjá starfsmönnum: samstaða mikil innan hópsins, umhyggja fyrir hvort öðru, mikil orka og tenging. Starfsmenn fundu fyrir trausti, góðu flæði og að tilfinningar væru virtar. Við lærðum að vinna með eigin tilfinningar og að hjálpa börnunum að vinna úr sínum. Starfsmönnum fannst námskeiðin góð og uppbyggjandi og í bakpokanum þegar haldið var heim var enn meira af gleði, jákvæðni, hugmyndum, skilningi, hrósi, þakklæti, samstöðu, orku og þekkingu.

Eitt af lokaverkefnum skólaársins var útskrift elstu barnanna sem halda áfram skólagöngu sinni í grunnskólanum. Þetta er ein af dýrmætustu stundum skólastarfsins. Foreldrar komu með allskyns kræsingar og leikskólinn bauð upp á veglega útskriftartertu fyrir alla. Börnin sungu, fóru með vísu og dönsuðu fyrir foreldrana og svo var sýnt myndband þar sem þau ræddu um lífið og tilveruna sem er allskonar. Svörin þeirra voru þannig líka og oft mjög brosleg.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Spurningakönnun var lögð fyrir foreldra á vordögum. Svarhlutfall var 70%.

Foreldrar svöruðu eftirfarandi spurningum:

1. Hvernig er aðkoma ykkar/þín að skólastarfinu?
 - a. 91% eru ánægðir eða mjög ánægðir.
2. Eru góð samskipti milli þín/ykkar og starfsmanna?
 - a. 92% sögðu samskipti vera góð eða mjög góð.
3. Hafa verkefnið Bangsinn Blær og lífsleikni haft áhrif á félagsfærni barnsins?
 - a. 94% sögðu verkefnið hafa mikil eða mjög mikil áhrif.

Mat starfsmanna á markmiðum skólans var meðal annars framkvæmt með spurningakönnun. Svarhlutfall var 92%.

1. Hvernig hefur gengið að kynna önnur lönd, þjóðerni og siði fyrir börnunum?
 - a. 40% sögðu að það hefði gengið vel/mjög vel.
 - b. 53% nokkuð vel, illa 7%.
2. Bera börnin virðingu fyrir öðrum og umhverfi sínu?
 - a. Mikið/mjög mikið 62%
 - b. nokkuð mikið 24%,
 - c. litla 14%.
3. Hversu oft er boðið upp á fjölbreyttan efnivið í Listasmiðju, sem börnin geta valið sjálf?
 - a. Alltaf 24%,
 - b. reglulega 67%,
 - c. sjaldan 9%.
4. Hversu oft/sjaldan er farið í markvissa útivist með áherslu á hreyfingu og úthald?

- a. Oft/mjög oft 81%,
 - b. nokkuð oft 9%,
 - c. sjaldan 9%.
5. Að hvað miklu leyti hefur fjölbreytni í endurnýtanlegum efniviði aukist í leik og starfi?
- a. Mikið/mjög mikið 57%,
 - b. talsvert 33%,
 - c. lítið sem ekkert 10%.
6. Hversu oft er unnið með málörvun og læsi í litlum hópum?
- a. Einu sinni í mánuði 9%,
 - b. í hverri viku 5%,
 - c. tvisvar til þrisvar í viku 57%,
 - d. daglega 29%.

Mat á markmiðum skólans fór einnig fram í umræðum á deildarfundum og skipulagsdögum og var það gert á sér til gerðum matsblöðum.

Hvað var metið?	Lífsleikni; að börnin læri að þekkja tilfinningar sínar og geti brugðist við þeim.
Hvernig fór matið fram?	Umræður á deildarfundum/skipulagsdögum. Skráningar og matsblöð.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsfólk, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta).	Börnin hafa tileinkað sér dygðirnar og vináttubönd hafa styrkst. Þau skilja hugtökin sem tilheyra lífsleikninni og nota þau. Kennarar taka tillit til tilfinninga barna og virða skoðanir þeirra og hugmyndir



	<p>og hlusta. Blær er gott verkfæri til að efla börn í að lesa í tilfinningar og andlit. Blær er áþreifanlegur, ekki bara orð á blaði. Börnin hafa lært að ígrunda út frá Blæ og lært samskipti við aðra.</p> <p>Tækifæri til umbóta:</p> <p>Tvinna lífsleikni inn í allt starf. Halda áfram að hvetja börnin til að sýna og tjá tilfinningar sínar. Vinna áfram með Vináttuverkefni Barnaheilla þannig að það verði samofið daglegu starfi.</p>
Hvað var metið?	Heilbrigði; auka vitneskju um líkamann og mikilvægi hollrar og góðrar næringar.
Hvernig fór matið fram?	Umræður á deildarfundum/skipulagsdögum. Skráningar og matsblöð.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsfólk, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta).	<p>Áhugi barnanna á hreyfingu hefur aukist og skemmtilegar umræður um mataræði og heilsu hafa skapast. Mörg hafa lært hvað líkamspartarnir heita og þekkja mun á hollri og óhollri fæðu. Börnin eru duglegri að drekka vatn þegar þau geta nálgast það sjálf. Gengið hefur vel að kenna börnunum nýja leiki og eru þau fljót að læra.</p> <p>Tækifæri til umbóta:</p> <p>Að auka útiveru og halda áfram með mismunandi hreyfingu og íþróttir. Nota fæðuhringinn meira og hafa jafnvægi milli skipulagðra hreyfistunda og frjáls leiks. Mikilvægt er að hafa skýrt upphaf og endi á hreyfistundum og hafa meira rými fyrir dans.</p>



Hvað var matið?	Læsi/efla skilning barnanna á hugtökum og rituðu máli í gegnum lestur bóka.
Hvernig fór matið fram?	Umræður á deildarfundum/skipulagsdögum. Skráningar og matsblöð.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta).	<p>Börnin hafa lært bókstafi og orðaforði hefur aukist. Sum börn kunna að skrifa nafnið sitt. Foreldrar hafa verið áhugasamir og komið með bækur að heiman og lesið heima. Heiti þeirra bóka sem foreldrar hafa lesið er sett á málbein og hengt upp fyrir utan deildir.</p> <p>Lubbastundir hafa verið vikulega.</p> <p>Bók tengd dygðum ársins hefur farið heim með börnunum. Hvort tveggja Lubbi og bókin heim hafa eflt samstarf við foreldra og hvatt þau til að lesa meira heima.</p> <p>Tækifæri til umbóta:</p> <p>Að börnin átti sig á hvaða máhljóði orðin byrja. Sjónrænar sögustundir með hlutum eða myndum og lesa með blæbrigðum í röddinni. Auka orðaforða með því ræða um hugtök og útskýra þau. Leggja auka áherslu á að auka orðaforða hjá tvítyngdu börnunum. Styrkja börn í að koma fram.</p>
Hvað var matið?	Aðgengi foreldra af erlendum uppruna.
Hvernig fór matið fram?	Umræður um hvernig hægt væri að ná til foreldra með annað móðurmál.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsfólk, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk af erlendu bergi og stjórnendur.



Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta).	Höfum náð til stærri hóps foreldra sem geta lesið sér til um áherslur leikskólans á sínu tungumáli eða tungumáli sem þeir skilja.
Hvað var metið?	Skólanámskrá var endurmetin meðal annars út frá menntastefnu Reykjavíkurborgar.
Hvernig fór matið fram?	Deildarstjórar og stjórnendur héldu fundi og starfsfólk las námskrána og kom með athugasemdir.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsfólk, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta).	Vinnan er komin á gott skrið og henni verður haldið áfram á næsta skólaári.
Hvað var metið?	Matsnámskeið deildarstjóra.
Hvernig fór matið fram?	Seinni hluta matsnámskeiðs „Hvernig gengur innra mat í leikskóla“ var frestað ítrekað og að lokum komst einungis einn deildarstjóri á seinni hlutann.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsfólk, börn, foreldrar, aðrir)	Deildarstjórar, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta).	Deildarstjórum fannst þeir ekki hafa fengið það út úr námskeiðinu sem þeir hefðu óskað. Tækifæri til umbóta ; að deildarstjórar sækja fleiri matsnámskeið.

Ytra mat



Starfsmannakönnun var gerð á vegum Skóla og-frístundasviðs á vorönn 2023.

Helstu niðurstöður samanburðar þátta Reykjavíkurborgar og starfsstöðva á sama sviði eru eftirfarandi.

- Stjórnun 4,55
- Starfsandi 4,04
- Launakjör 3,00
- Vinnuskilyrði 3,83
- Sveigjanleiki vinnu 4,02
- Ímynd 4,62
- Sjálfstæði í starfi 4,23
- Ánægja og stolt 4,06
- Jafnrétti 4,78

Á heildina litið var margt sem kom vel út, en svarhlutfallið var ekki eins gott og við hefðum viljað eða einungis um 65%. Mikið var gert til að fá svör frá sem flestum þar sem við stjórnendur lítum á niðurstöður kannana sem endurgjöf, sem notuð er til að gera skólstarfið enn betra.

- Heildarmat leikskólans var 4,18
- Heildarmat Reykjavíkurborgar 4,05
- Heildarmat Skóla og - frístundasviðs 4,02
- Heildarmat annarra leikskóla 4,04

Foreldrakönnun var gerð á vegum Skóla og frístundasviðs í apríl 2023.

Spurningum var skipt í fjóra flokka sem voru eftirfarandi:

- Barnið og starfið
- Foreldrar og starfið
- Stefna og stjórnun
- Upplifun af leikskólanum

Í fyrsta flokknum „barnið og starfið“ hækkuð við okkur í öllum þáttum miðað við síðustu könnun. Spurningarnar snúast um vellíðan barnsins, framfarir, viðmót, stuðning og að þekkja barnið.

Annar flokkur „foreldrar og starfið“ kemur vel út nema lítilsháttar breyting frá síðustu könnun varðandi ábendingar foreldra, að meta framfarir barnanna og að ekki sé leitað nægilega eftir hugmyndum þeirra. Aðrir þættir hækka sig milli kannanna sem eru að fá greinargóð svör um leikskólastarfið, fá ráð um uppeldi, heilsu og leikskólastarfið og að starfsmenn hvetji foreldra til samstarfs.

Í þriðja þætti „stefna og stjórnun“ er hækkuð á ánægju með stefnu skólans, að skólanum sé vel stjórnað, að viðfangsefni séu áhugaverð og foreldrum finnst stjórnendur til staðar í daglegu starfi. Það sem þarf að skoða betur er að foreldrar þekki ekki nægilega stefnur og áherslur skólans og finnst aðbúnaðurinn ekki nægilega góður.

Í fjórða flokki sem er „upplifun af leikskólanum“ kemur fram að foreldrar mæla með leikskólanum, þeir upplifa gott viðmót og samskipti við starfsmenn og að starfsandinn einkennist af jákvæðni. Það ríkir notalegt og vingjarnlegt andrúmsloft í skólanum og á heildina litið eru foreldrar mjög ánægðir með leikskólann. Það hallar aðeins á gefnar upplýsingar um hvað er á döfinni, einnig að barnið sé ekki nægilega öruggt.

Foreldrum var boðið að koma athugasemdum eða öðru sem þeir vildu segja um skólastarfið á framfæri. Eftirfarandi þættir komu fram:

- Það mættu vera meiri samskipti við upphaf og lok dags.
- Starfsmenn Álftaborgar eru til fyrirmyndar í heild sinni.
- Álftaborg er yndislegur staður og börnunum líður vel hjá þeim og vilja varla fara heim í lok dags.
- Starfsfólk Álftaborgar er til fyrirmyndar.
- Gæti ekki hugsað mér betri leikskóla fyrir barnið mitt.
- Ég er bara mjög ánægð með allt í Álftaborg, börnin mín hafa bæði verið mjög ánægð og alltaf hlakkað til að fara í leikskólann.
- Starfsfólkið frábært, hlýtt og yndislegt og leyfir hverju barni að vera sá einstaklingur sem það er.

- Í raun væri ég bara til í að Álftaborg myndi stjórna öllu landinu. Þá man ég eftir því að ekkert er mikilvægara starf en að leggja drög að hamingjusömum og heilsteyptum einstaklingum þessi fyrstu ár lífsins.
- Er með annað barn í leikskólanum og er einnig mjög ánægður með allt sem kemur að dvöl þess í leikskólanum.
- Álftaborg er frábær leikskóli. Allir starfsmenn í leikskólanum eru frábærir kennarar og ekkert nema gott að segja um starfið þar. Börnin koma vel undirbúin fyrir skólann þaðan og eru allskonar ævintýri að gerast í hverri viku.

Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

Stjórnun 2023	
Umbótapáttur/ matspáttur	Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi
Tækifæri til umbóta	Rýna í einkunnarorð leikskólans.
Aðgerðir til umbóta	Að starfsfólkið rýni í einkunnarorð leikskólans og leitist við að fá sameiginlega sýn á þau.
Ábyrgð	Leikskólastjóri/ aðstoðarleikskólastjóri
Hefst	Sept. 2023
Lokið	Des. 2023
Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Umræður og gátlistar.
Viðmið um árangur	Sameiginleg sýn og skilningur á henni.
Umbótapáttur/ matspáttur	Skólanámskrá
Tækifæri til umbóta	Endurbæta og uppfæra námskrá.



Aðgerðir til umbóta	Vinna áfram með námskrá og flétta menntastefnu Reykjavíkurborgar enn frekar inn í áherslur okkar.
Ábyrgð	Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri.
Hefst	September 2023.
Lokið	Mái 2024.
Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Allt starfsfólk leikskólans komi að endurmati á skipulagsdögum og deildarfundum.
Viðmið um árangur	Ný og uppfærð skólanámskrá.
Uppeldis- og menntastarf	
Umbótapáttur/ matspáttur	Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna
Tækifæri til umbóta	Efla þátttöku barna í ákvarðanatöku og lausnaleit.
Aðgerðir til umbóta	Skapa tækifæri fyrir öll börn til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína.
Ábyrgð	Matsteymi og deildarstjórar.
Hefst	September 2023.
Lokið	Desember 2023.
Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Skráningar í leik og starfi. Virkni barna á fundum. Rýnihópar barna.
Viðmið um árangur	Að börnin taki virkan þátt í að taka ákvarðanir sem varða nám þeirra. Að börnin átti sig á hæfileikum sínum og öðlist aukið sjálfstraust.
Umbótapáttur/ matspáttur	Hver er lykillinn að hamingju barna?
Tækifæri til umbóta	Að auka hamingju, velferð og líðan barna.



Aðgerðir til umbóta	Umgjörð leikskólastarfsins gefi rými til þess að börnin nýti styrkleika sína, blómstri í dagsins önn og verði hamingjusamari. Starfsfólk fái verkfæri til að vinna með í formi þakklætis- og hamingjubókar.
Ábyrgð	Deildarstjórar og matsteymi.
Hefst	September 2023.
Lokið	Maí 2024.
Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Markviss samtöl við börnin, áhorf og skráningar. Barnafundir, rýnihópar barna, samtöl og spurningalistar til foreldra og starfsfólks.
Viðmið um árangur	Börnin verði áhugasöm, glöð og beri umhyggju fyrir öðrum. Öryggi og umhyggja ríki. Streita og hávaði hafi minnkað.
Mannauður/ leikskólabragur	
Umbótapáttur/ matspáttur	Starfsánægja
Tækifæri til umbóta	Vinna að enn betri líðan og velferð starfsfólks.
Aðgerðir til umbóta	Að upplifa tilfinninguna að tilheyra hópnum/skólanum í heild.
Ábyrgð	Stjórnendur.
Hefst	September 2023.
Lokið	Febrúar 2024.
Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Gátlistar og regluleg samtöl við starfsfólk. Rýnt í eigið starf. Starfsmannakönnun.
Viðmið um árangur	Ánægt og áhugasamt starfsfólk sem sýnir börnunum virðingu, samstöðu, umhyggju og veitir þeim öryggi. Að öllum líði vel.
Umbótapáttur/ matspáttur	Samskiptasáttmáli
Tækifæri til umbóta	Endurskoðun með nýja þætti í huga.



Aðgerðir til umbóta	Starfsmannahópurinn fari yfir eldri sáttmála og leiti hugmynda að nýjum þáttum.
Ábyrgð	Stjórnendur.
Hefst	September 2023.
Lokið	Desember 2023.
Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Allir kennarar komi að endurmati. Gert á starfsmanna,- og deildarfundum.
Viðmið um árangur	Sameiginleg sýn á heildarvinnu okkar með börnum, starfsfólki og foreldrum.
Innra mat	
Umbótapáttur/ matsþáttur	Langtíma matsáætlun
Tækifæri til umbóta	Áætlun til fjögurra ára.
Aðgerðir til umbóta	Innra mat festist í sessi og verði hluti af starfi skólans.
Ábyrgð	Stjórnendur og matsteymi.
Hefst	September 2023.
Lokið	Maí 2027.
Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Matsteymi og starfsfólk. Umræður, gátlistar og matsblöð.
Viðmið um árangur	Á hverju ári verða ákveðnir þættir metnir.

Læsi

Læsi er ein af aðal áherslum leikskólans. Á öllum deildum er unnið með læsi, orðaforða, lesskilning, hljóð og stafi miðað við aldur og þroska barnanna. Við innleiddum *Lubbi finnur*



málbein haustið 2021 og byrjuðu þá öll börn leikskólans á grunninum. Síðan hefur verið byggt ofan á þekkingu þeirra á eldri deildum.

Á yngri deildum höfum við tekið fyrir eitt máhljóð á tveggja vikna fresti. Máhljóðin sem valin eru fara eftir nöfnum barnanna á deildunum. Börnin læra máhljóðin og tákna hjá öllum börnum á deildinni í gegnum sönglög og í samverustundum. Einnig er unnið með hluti sem geymdir eru í pokum og fylgja hverju máhljóði. Við hvetjum foreldra til að lesa heima með börnunum sínum og hafa þeir verið duglegir að senda okkur nöfn bókanna sem hafa verið lesnar heima. Bókatitlarnir eru svo settir á málbein sem eru hengd upp.

Á eldri deildum eru máhljóðin sýnileg í umhverfi barnanna og með hverju máhljóði fylgja myndir sem eru hengdar upp á vegg til að kalla fram umræður á milli barna og starfsfólks. Foreldrasamstarf byggist meðal annars upp á því að börnin skoða tímarit og dagblöð með foreldrum og leita eftir því máhljóði sem unnið er með hverju sinni. Þau klippa orðin eða myndirnar út og koma svo með úrklippurnar í leikskólann og líma upp á vegg.

Á haustin byrja eldri deildir að rifja upp þann grunn sem lagður var á yngri deildum. Þar er meiri áhersla lögð á stafina og að finna hluti í umhverfinu sem byrja á ákveðnu máhljóði sem unnið er áfram með í fjölbreyttum efnivið. Börnin æfa sig að skrifa nafnið sitt og finna hvaða hljóð er fremst í orðum. Eins þá börnin saman hluti og orð.

Bókasafnsferðir og bók heim

Allar deildir fara aðra hverja viku í heimsókn í Kringlubókasafn. Þar hlusta börnin á bókasafnsfræðing lesa tvær sögur og svo velja börnin bækur til að taka með í leikskólann.

Hver deild fær eina bók lánaða í eitt skólaár og unnið er með hana á deildinni. Bókin fer heim með hverju barni þar sem hún er lesin með foreldrum og þeir skrifa upplifun barnsins og hugmyndir niður í stílabók sem fylgir. Bókin er lesin reglulega á deildinni og ákveðin þemavinna er unnin út frá henni. Á eldri deildum er farið enn dýpra í þemavinnuna.

Ljóð, vísur og sögur

Á yngri deildum er hlustað eftir því hvað börnin segja og verða þá oft umræður sem og frásagnir sem skrifaðar eru niður, bæði sem sögur og ljóð.

Á eldri deildum hafa börnin meiri orðaforða og er því farið dýpra í sögugerð. Þar er unnið meðan annars með sögugrunn og ýmsan efnivið sem börnin nota til að búa til fjölbreyttar sögur. Eftir hverja vettvangsferð vinna börn og starfsfólk saman að því að skrifa niður upplifun barnanna af ferðinni.

2.1 Innra mat - Seljaland

Í ár voru 22 börn fædd 2018 og 2019 á Seljalandi. Starfið er fjölbreytt og þurfa sum börn meiri aðstoð en önnur og starfsfólk deildarinnar gerir sitt besta í að mæta þörfum hvers barns. Starfsfólk deildarinnar á í góðum samskiptum. Það tekur breytingum sem geta orðið frá degi til dags með jákvæðum huga og er til staðar fyrir börnin. Unnið er með sjálfstæði barna og að rödd þeirra heyrst. Börnin eru hvött til að biðja um aðstoð ef þau telja sig þurfa hana, en æfa sig að gera sjálf eins og að klæða sig. Gengið hefur vel að ná markmiðum sem sett voru fyrir þetta skólaár, vegna þess að starfsfólk deildarinnar á í góðum og jákvæðum samskiptum sín á milli og vinnur saman að lausn sem hentar deildinni í heild.

Sjálfsfærni:

Unnið var með það markmið að þjálfa börnin í að gera sem flest sjálf og biðja þá um aðstoð við þá hluti sem þau eiga erfiðara með. Börnin kunna öll að klæða sig sjálf en sum þurfa smá aðstoð, til dæmis við rennilása, reimar eða smellur. Börnin aðstoða við að leggja á borð og gengur það vel og eru þau áhugasöm. Þau ganga frá eftir sig eftir matartíma. Við leggjum mikla áherslu á að styrkja börnin, hvetja þau og hrósa.

Umbótapáttur 2022-2023

“Halda áfram með að raddir barnanna heyrst:”

Öll börnin hafa tækifæri til að tjá sig og á þau er hlustað. Við notum samverustundir til tjáskipta þar sem allir sem vilja fá tækifæri til að leggja orð í belg. Við höfum unnið mikið með sköpun í gegnum myndlist og sögugrunn. Söngur, leiklist og dans eru stór þáttur í starfinu. Reglulegar tónlistarstundir hafa einkennt starfið í vetur. Í þeim er hlustað á fjölbreytta tónlist og spilað á hljóðfæri. Enn fremur hafa börnin stofnað sínar eigin hljómsveitir og búið til tónlist. Við höfum enn fremur lagt mikla áherslu á myndlist þar sem börnin tjá sig í gegnum ólíkan efnið í tengslum við þemun hverju sinni. Börnin hafa haft ýmis



hlutverk í daglegu starfi og hefur mikill áhugi verið á að taka þátt í þrífum, samveru og öðru sem kennarar hafa yfirleitt umsjón yfir.

Börnin hafa verið hvött til að koma með myndir að heiman þegar eitthvað breytist, svo sem fæðing systkinis eða nýtt gæludýr. Einnig hafa þau komið með myndir úr ferðalögum þar sem þau hafa svo sagt okkur frá ferðinni í samverustund. Allir hafa komið með hlut að heiman til að sýna og segja frá auk þess sem Dyggur dygðadýr hefur heimsótt öll heimilin í vetur.

Heilbrigði:

Börnin hafa farið vikulega í Víkingsalinn þar sem áhersla er lögð á alhliða hreyfingu eins og þrautabrautir. Maturinn mætti vera fjölbreyttari og hollari, en við erum dugleg að ræða við börnin um heilbrigði og hollt mataræði. Umræður hafa verið um matarsóun, börnin skammta sér sjálf og læra að bíða þangað til röðin er komin að þeim og sýna þolinmæði gagnvart öðrum börnum. Í mars var tannverndarvika með áherslu á tannheilsu. Skólaárið byrjaði með útikennslu þar sem nærumhverfið var skoðað. Farið var í Ævintýragarðinn eins og hann er kallaður af börnunum en það er lítill garður í nálægð við leikskólann þar sem upplagt er fyrir börnin að kynnast náttúrunni. Einnig hefur áherslan verið á hreyfingu og leiki úti og dans inni.

Lýðræði og barnasáttmálinn	
Tækifæri til umbóta	<p>Að börnin þekki réttindi sín gegnum barnasáttmálann og verði meðvituð um þau.</p> <p>Við munum byggja ofan á það sem hinar deildirnar hafa unnið með og vinna eftir greinum 12,13 og 14 almennt inn á deildinni og svo dýpka í gegnum hópastarf greinar 2.3.24.26 og 27</p>
Aðgerðir til umbóta	<p>Kynna og ræða barnasáttmálann.</p> <p>Að börnin fái tækifæri til að taka meira þátt í ákvarðanatöku í starfinu, til dæmis velja sögu í samverustund og svæði í vali og hafi meira að segja um daglegt starf.</p> <p>Vinna þetta markvisst yfir árið og um jólin munum við vinna með og kynna fyrir börnunum <i>Jól í skókassa</i>.</p>



	Með vorinu er svo hugmynd að hafa Unicef hlaup í samstarfi við foreldra.
Tímaáætlun	Haust 2023 – vor 2024.
Ábyrgðaraðili	Starfsfólk.
Endurmat; hvenær og hvernig	Uppeldisfræðilegar skráningar, samtöl við börnin og foreldra.
Viðmið um árangur	Börn hafi lært að nota eigin rödd og viti að þau geti haft áhrif á skipulag starfsins. Börnin séu meðvituð um réttindi sín.
Hver er lykillinn að hamingju barna?	
Tækifæri til umbóta	Bæta leikskólaumhverfi og umgjörð sem eykur hamingju barna.
Aðgerðir til umbóta	Jákvæð samskipti og virk hlustun og hjálpa þeim að vera í takt við eigin tilfinningar og skilja þær betur.
Tímaáætlun	Vor 2023 – vor 2024.
Ábyrgðaraðili	Starfsfólk sem starfar á deildinni ber jafna ábyrgð á framkvæmd.
Endurmat; hvenær og hvernig	Virgni barna í Blæstundum. Samræður og skráningar.
Viðmið um árangur	Að börnunum líði vel í leikskólanum og upplifi að þau geti tjáð sig um líðan sína. Að samskipti séu góð milli barna, foreldra og starfsfólks.
Læsi	
Tækifæri til umbóta	Dýpka málskilning og auka orðaforða.
Aðgerðir til umbóta	Fjölbreyttar sögustundir þar sem börnin eru hvött til að koma með hugmyndir. Lubbastundir og sýnilegt ritmál.
Tímaáætlun	Vor 2023 – vor 2024.
Ábyrgðaraðili	Starfsfólk sem starfar á deildinni ber jafna ábyrgð á framkvæmd.



Endurmat; hvenær og hvernig	Skráningar þar sem haldið er utan um val barnanna og hvað var valið.
Viðmið um árangur	Að áhugi á lestrarstundum og hugtakaskilningur hafi aukist.



2.2 Innra mat - Hlíðarhvammur

Mat á umbótarþáttum

Starfið á Hlíðarhvammi 2022-2023 hefur gengið mjög vel, bæði með skólahóp og leikskólahóp á deildinni. Í starfsáætlun síðasta árs settum við fram tvo megin þætti til þess að vinna með, en þeir voru þróunarverkefnið „Heilbrigði og hreyfing“ og aukin foreldrasamvinna.

Það hefur gengið mjög vel að vinna með þessa þætti í vetur og var það gert með fjölbreyttum hætti. Samvinna við foreldra gengur vel að vanda og hafa verkefni eins og Tryggur, bókin heim, fjölmening og fleira verið fastir liðir í starfinu líkt og undanfarin ár. Þróunarverkefnið um heilbrigði og hreyfingu var skemmtileg viðbót við starfið og höfum við leitað leiða til þess að bæta því í starfið okkar.

Hér koma stuttar lýsingar á því hvernig unnið var með þá umbótaþætti sem settir voru fram fyrir skólaárið 2022 – 2023.

Þróunarverkefni um heilbrigði og hreyfingu:

- Vikulega fórum við á æfingu í Víking þar sem að þjálfari tók á móti okkur og hélt fyrir okkur æfingu, oftast handbolti eða fótþolti. Einnig vorum við dugleg að lengja tímana með frjálsum leik eða búa til okkar eigin þrautabrautir og leiki.

- Á deildinni höfum við verið dugleg að vera með jóga og dans í hópastarfinu sem allir hafa haft gaman af. Haldin hefur verið fræðsla um ballet, blak og fleira.
- Við höfum rætt mikið um heilbrigði og mataræði, og fengum við föður af deildinni sem er landsliðskokkur í heimsókn og fræddi hann okkur um mikilvægi hollrar fæðu.
- Tannverndarvikan var einnig á sínum stað þetta skólaár.
- Í vetur hefur skólahópur farið í íþróttatíma með börnum og unglingum í Álftamýrarskóla.
- Í gengum fjölmeninguna á deildinni höfum við kynnt okkur þjóðaríþróttir ýmissa landa.
- Við höfum boðið foreldrum að taka þátt í dansi með okkur á deildinni.
- Deildin fór í fjársjóðleit um hverfið og börnin fengu áskoranir um að gera hinar ýmsu hreyfingar og þrautir í leiðinni.
- Eitt af markmiðum okkar var að kynna hinar ýmsu íþróttir fyrir börnunum og fá að fara í heimsókn í önnur íþróttafélög. Það hefur þó ekki orðið úr því en það er tími til umbóta. Núna á vordögum höfum við ákveðið að bæta úr þessu og munum við kynnast dansi, blaki, frisbí golfi og fleira.
- Fjöldinn allur af ferðum og göngutúrum.
- Lestur bóka sem fjalla um fjölbreytileikann og heilbrigði. Einnig miklar umræður og vangaveltur í sambandi við heilbrigði í víðu samhengi og mikilvægi þess að vera maður sjálfur.

Tækifæri til umbóta sem snúa að þróunarverkefninu tengt heilbrigði og hreyfingu: Kynna börnin fyrir enn fleiri íþróttum og fá jafnvel að heimsækja ólík íþróttafélög. Fá heimsóknir og fræðslu frá áhugaverðum einstaklingum og fyrirmyndum. Tengja þróunarverkefnið enn frekar við aukið foreldrasamstarf og skipuleggja leiki, útivist og fræðslu saman svo eitthvað sé nefnt.

Aukið foreldrasamstarf:

- Tryggur dyggðadýr, bókin heim, hlutur að heiman og fjölmening hafa verið fastir liðir líkt og venjulega á deildinni.
- Nokkrir foreldrar hafa tekið virkan þátt í fjölmeningunni og börn þeirra komið með ýmislegt skemmtilegt að heiman til þess að sýna okkur.
- Við fengum fræðslu frá móður á deildinni um heyrnarleysi og táknmál sem var mjög gaman.
- Faðir barns á deildinni (landslíðskokkur) kom með fræðslu um hollustu og matreiðslu.
- Mánaðarlega hafa verið send myndbönd og myndir til foreldra sem sýna frá starfi deildarinnar.
- Föstudagspóstur til foreldra hefur verið fastur liður í allan vetur.
- Foreldrar hafa verið duglegir að safna með okkur verðlausu efni þegar sóst hefur verið eftir því.
- Foreldrum boðið í danspartý og var svakalega vel mætt, en einnig hafa allir verið duglegir að mæta þegar við höfum boðið þeim í heimsókn, kaffiboð, hátíðir og fl.
- Við höfum verið dugleg að hengja myndir og fleira í fataklefa barnanna til þess að sýna þeim verkin okkar og tengja þau betur við starfið.
- Allir foreldrar lýstu yfir ánægju sinni á deildinni í foreldraviðtölunum.
- Áætlað var að skipuleggja hitting með foreldrum og börnum utan leikskólatíma, en það hefur ekki orðið af honum enn þá. Við ætlum að bæta úr þessu með vorinu. Við munum þó alltaf halda áfram að styrkja tengslin við foreldra og auka samvinnuna.

Tækifæri til umbóta sem snúa að auknu foreldrasamstarfi: Tvinna foreldrasamstarf við aðra áhersluþætti vetrarins líkt og þróunarverkefnið, þemavinnu og fleira. Leita leiða til þess að tengja foreldra betur saman.

Umbótaþættir sem vinna á með næsta skólaár, 2023 - 2024

Næsta skólaár, 2023 - 2023, verður næst elsti árgangur á deildinni, börn fædd árið 2019.

Ákveðið hefur verið að vinna með eftirtalda umbótaþætti næsta skólaárið:

- Lýðræði í tengslum við Barnasáttmálann
- “Hver er lykillinn að hamingju barna?”
- Læsi

Í töflunni hér á eftir hafa þessir þættir verið settir fram, hvernig vinna eigi með þá, hvernig þeir verða metnir og hver viðmið okkar um árangur séu.

Barnasáttmálinn - lýðræði	
Tækifæri til umbóta	<p>Halda áfram að vinna með barnasáttmálann með börnunum, kynna fyrir þeim hver réttindi þeirra eru og til hvers hann er.</p> <p>Fræða börnin um óréttlæti heimsins og þær áskoranir sem við þurfum að glíma við.</p> <p>Að börnin geri sér grein fyrir hvað lýðræði sé, hvernig það virkar og hvernig við notum það.</p> <p>Tengja vinnuna í tengslum við barnasáttmálann við tilfinningar og gildi leikskólans og lífsleikni.</p>
Aðgerðir til umbóta	<p>Útbúa/finna myndrænt plagg sem fer yfir barnasáttmálann á skiljanlegan og einfaldan hátt.</p> <p>Ræða saman um innihald sáttmálans líkt og forréttindi, mannréttindi, lýðræði og fleira.</p> <p>Taka reglulega fundi þar sem lýðræði er rætt og börnin stjórna þeim sjálf.</p> <p>Virkja foreldra.</p> <p>Börnin taka þátt í skipulagi starfsins.</p>
Tímaáætlun	Allt árið, haust 2023 til vors 2024.



Ábyrgðaraðili	Deildarstjóri ber ábyrgð. Allir á deildinni bera ábyrgð á framkvæmdinni.
Endurmat; hvenær og hvernig	Metið vorið 2024. Fundir meðal starfsfólks. Samtöl við foreldra í foreldraviðtölum. Samtöl við börnin reglulega yfir veturinn og fylgst með áhuga og þróun í samtali. Fylgst með börnunum í frjálsum leik og umræðum.
Viðmið um árangur	Börnin séu farin að tileinka sér þætti sáttmálans og skilji út á hvað hann gengur. Að deildin okkar sé lýðræðislegt samfélag og að ákvarðanir okkar séu teknar með lýðræðislegum hætti.
Hver er lykillinn að hamingju barna?	
Tækifæri til umbóta	Auka ánægju barnanna á deildinni. Að leyfa öllum tilfinningum að eiga rétt á sér. Auka samvinnu við foreldra.
Aðgerðir til umbóta	Heyra frá börnunum sjálfum hvað gerir þau hamingjusöm og hvað við getum gert til þess að auka hamingju annarra. Samvinna milli foreldra, barna og kennara. Samtöl jafnt og þétt yfir árið og fylgjast með þróuninni. Hjálpast að við að svara spurningunni.
Tímaáætlun	Allt árið, haust 2023 til vors 2024.
Ábyrgðaraðili	Deildarstjóri ber ábyrgð. Allir á deildinni bera ábyrgð á framkvæmdinni.



<p>Endurmat; hvenær og hvernig</p>	<p>Metið vorið 2024.</p> <p>Fundir meðal starfsfólks.</p> <p>Samtöl við foreldra í foreldraviðtölum.</p> <p>Samtöl við börnin. Fylgst með börnunum í frjálsum leik og umræðum.</p>
<p>Viðmið um árangur</p>	<p>Aukin hamingja hjá börnum og starfsfólki.</p> <p>Sammála um að vera ósammála um það hvað gerir okkur hamingjusöm.</p> <p>Er til svar við spurningunni?</p>
<p>Læsi</p>	
<p>Tækifæri til umbóta</p>	<p>Auka áhuga barna á lestri.</p> <p>Auka málörvun og orðaforða.</p> <p>Styrkja framkomu barna.</p> <p>Halda áfram með núverandi samstarfsverkefni með foreldrum tengt orðaforða.</p> <p>Byggja ofan á þekkingu barna í tengslum við Lubba sem þau fengu á yngri deildum.</p> <p>Tilfinningalæsi: læra að lesa í tilfinningar og langanir annarra.</p>
<p>Aðgerðir til umbóta</p>	<p>Ljóðagerð, sögugerð, framkoma, þulur og vísur, leikur með orð og stafi, spjall og umræður.</p> <p>Fastir liðir í hópstarfi.</p> <p>Alltaf í boði að lesa og skoða bækur.</p> <p>Fundir með börnunum og rökræður.</p> <p>Reglulegar ferðir á bókasafnið og önnur menningarhús, fræðsla og heimsóknir.</p>



Tímaáætlun	Allt árið, haust 2023 til vors 2024.
Ábyrgðaraðili	Deildarstjóri ber ábyrgð. Allir á deildinni bera ábyrgð á framkvæmdinni.
Endurmat; hvenær og hvernig	Metið vorið 2024. Fundir meðal starfsmanna. Samtöl við foreldra í foreldraviðtölum. Samtöl við börnin. Fylgst með börnunum í frjálsum leik og umræðum.
Viðmið um árangur	Aukinn áhugi á lestri, stöfum, orðum og frásögnum. Aukinn orðaforði og dýpri samræður. Að börnin beri virðingu fyrir öðrum og nýti rödd sína til þess að leysa vandamál og kunni að lesa í aðstæður.



Útskriftarhópurinn



Börnin að gróðursetja

2.3 Innra mat – Merkisteinn

Mat síðasta árs

Þemavinna

Vegna starfsmannabreytinga og samsetningar barnahópsins gátum við því miður ekki haldið uppi þemavinnunni fyrir áramót. Við ákváðum því að sleppa þessum þætti eftir áramót og einbeita okkur að skráningum.

Tækifæri til umbóta

Þessi þemavinna hentaði því miður ekki fyrir þennan barnahóp. Okkur hugnast betur að fylgja áhuga barnanna frekar og fara þá í ákveðið þema ef að börnin fá til dæmis brennandi áhuga á risaeðlum.

Skráningar

Við höfum staðið okkur vel í þessum þætti og þróuðum vinnuna í að vera með ferilmöppur fyrir hvert barn. Þar setjum við inn fjölbreyttar skráningar úr leik og starfi. Einnig setjum við inn teiknaðar myndir eftir börnin, ljóð, gullkorn, viðburði og fleira sem okkur dettur í hug.

Styrkleikar

Við kynnumst börnunum betur og áhugasviði þeirra með því að fylgjast náið með þeim og skrá niður. Með því að kynnast þeim betur getum við aðlagð starfið betur að þeim. Börnin eru mjög áhugasöm og virðast finna fyrir því að eftir þeim sé tekið og upplifa að þau séu einstök.

Tækifæri til umbóta

Þurfum að finna leiðir til að gera skráningarnar sýnilegri fyrir foreldra.

Hugmyndin er að vera meðvituð um að gera möppurnar aðgengilegri og að bæði börn og foreldrar viti að þau megi skoða þær hvenær sem er. Einnig ætlum að finna leið til að senda fleiri myndir til foreldra ásamt því að búa til myndbönd og senda skráningar

Læsi	
Tækifæri til umbóta	Að börnin þekki máhljóðin sín og annarra á deildinni. Auka áhuga barna á lestri.



	<p>Auka málörvun og orðaforða.</p> <p>Halda áfram með núverandi samstarfsverkefni með foreldrum tengt orðaforða.</p> <p>Byggja ofan á þekkingu barna í tengslum við Lubba sem þau fengu á yngri deildum.</p>
Aðgerðir til umbóta	Vera markvissari með Lubba starfið.
Tímaáætlun	September 23 til maí 24.
Ábyrgðaraðili	Deildarstarfsfólk.
Endurmat; hvenær og hvernig	Ræðum um hvernig starfið hefur gengið á hverjum skipulagsdegi og þróum starfið yfir veturinn út frá þeim samræðum.
Viðmið um árangur	Fylgjumst með áhuga barnanna og hvernig þau meðtaka málhjóðin.
Lýðræði - barnasáttmálinn	
Tækifæri til umbóta	Að innleiða barnasáttmálann.
Aðgerðir til umbóta	Nýta okkur nokkrar greinar sáttmálans, til dæmis 8, 12. og 13gr.
Tímaáætlun	Október 23 til maí 24.
Ábyrgðaraðili	Deildarstjóri.
Endurmat; hvenær og hvernig	Stöðugar samræður á milli starfsfólks til að þróa vinnuna um barnasáttmálann.
Viðmið um árangur	Að börnin tengi við veggspjaldið um barnasáttmálann og við þær greinar sem við tökum fyrir. Að þau eigi rétt á sínum skoðunum og að vera þau sjálf.
Hver er lykillinn að hamingju barna?	
Tækifæri til umbóta	Styrkja framkomu barna.



	Læra að lesa í tilfinningar og langanir annarra. Bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum.
Aðgerðir til umbóta	Búa til spurningalista fyrir foreldra og starfsfólk. Aðlaga spurningarnar fyrir barnahópinn.
Tímaáætlun	September 23 til maí 24.
Ábyrgðaraðili	Allir.
Endurmat; hvenær og hvernig	Búum til vef með svörum frá börnunum. Hvaða hugmyndir þau hafa áður en við ræðum um hamingju og svo verða þau aftur spurð í lok skólaárs. Þá getum við borið saman svörin og séð hvernig skilningur þeirra hefur dýpkast.
Viðmið um árangur	Hvernig skoðanir starfsfólks, foreldra og barna hafa þróast um það hvað sé lykill að hamingju barna.



Góður samleikur inni og úti

2.4 Innra mat – Lækjarhvammur

Mat 2022-2023

Heilbrigð sál í hraustum líkama var þróunarverkefnið okkar 2022-2023. Markmiðið var að börnin skilji mikilvægi þess að borða hollan mat og fá hreyfingu. Við vorum með umræður um matinn sem var í boði í leikskólanum og með myndir af hollri og óhollri fæðu. Börnin voru áhugasöm og fljót að velja réttar myndir. Einnig vorum við með hreyfistundir og

þrautabrautir í salnum og svo hreyfingu í útiverunni. Allir hópar fóru í jóga, börnin fengu litlar mottur og voru dugleg að tileinka sér jógastöðurnar (dýrajóga).

Líkaminn – markmiðið var að börnin þekki líkamann og geti nefnt líkamshlutana. Við höfum skoðað bækur, sungið lög um líkamann, börnin teiknuðu sjálfsmynd í haust og gera svo aðra í vor. Við höfum spurt börnin í hópastarfinu um líkamann og þau geta svarað nokkuð rétt.

Við erum ánægð með útkomuna og börnin voru áhugasöm svo námsefnið kemur til með að vera áfram í okkar starfi.

Hver er lykillinn að hamingju barna?	
Tækifæri til umbóta	Að við veltum fyrir okkur hver sé lykillinn að hamingju barna.
Aðgerðir til umbóta	Búa til spurningalista fyrir foreldra og starfsfólk. Aðlaga spurningarnar fyrir barna- hópinn.
Tímaáætlun	September '23 – maí '24.
Ábyrgðaraðili	Allt starfsfólk.
Endurmat; hvenær og hvernig	Spyrjum börnin í upphafi skólaárs um hamingju og svo verða þau aftur spurð í lok skólaárs. Þá getum við borið saman svörin og séð hvernig hugsun þeirra hefur þróast.
Viðmið um árangur	Hvernig hafa skoðanir starfsfólks, foreldra og barna þróast um það hver sé lykill að hamingju barna.
Læsi	
Tækifæri til umbóta	Að börnin geti tjáð upplifun sína, tilfinningar og skoðanir. Að börnin læri fyrsta máhljóðið í nafninu sínu.
Aðgerðir til umbóta	Vera áfram með fastar Lubbastundir.
Tímaáætlun	September '23 – maí '24.
Ábyrgðaraðili	Allt starfsfólk.



Endurmat; hvenær og hvernig	Meta með börnunum hvernig gengur.
Viðmið um árangur	Að börnin læri fyrsta máhljóðið í nafninu sínu og geti tjáð tilfinningar sínar.
Barnasáttmálinn - Lýðræði	
Tækifæri til umbóta	Skoða greinar 12 og 29.
Aðgerðir til umbóta	Auka lýðræði á deildinni. Að börnin láti í ljós skoðanir á málum sem varða þau í samræmi við aldur þeirra og þroska.
Tímaáætlun	September '23 – maí '24.
Ábyrgðaraðili	Allt starfsfólk.
Endurmat; hvenær og hvernig	Grípa hugmyndir barnanna og gefa þeim tækifæri til að koma þeim í framkvæmd. Skrá ferlið með ljósmyndum.
Viðmið um árangur	Að börnin finni að það sé hlustað á skoðanir þeirra og þau séu óhrædd við að tjá sig.



Fjölmening



Börnin búa til gjafapappír fyrir jólagjafirnar

2.5 Innra mat - sérkennsla

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar hafa tekið að sér að starf sérkennslustjóra sem fór í veikindaleyfi í október.</p> <p>Mismunandi er hvaða þjálfun og stuðning börnin hafa fengið á þessu skólaári. Sum börn hafa fengið einstaklingsþjálfun auk þess að fá félagsþjálfun í litlum hópi eða inni á deildinni með öllum hópnum. Hin hafa fengið þjálfun í litlum hópi sem samanstendur af þremur til fjórum börnum sem hafa haft gagn af sömu þjálfun og stuðningsbörnin.</p> <p>Fimm starfsmenn að meðaltali hafa sinnt sérkennslu.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Ef grunur vaknar um einhvers konar málþroskaröskun hjá barni er staða barnsins ávallt metin með TRAS ásamt EFI-2 ef barn hefur náð viðeigandi aldri. Íslenski máhljóðamælirinn er einnig notaður.</p> <p>Almennur þroski er metinn með AEPS ef grunur um einhvers konar þroskafrávik vaknar.</p> <p>Hjóm-2 er lagt fyrir öll börn á síðasta ári í leikskóla.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað?</p> <p>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Notast hefur verið við ýmist námsefni frá Super duper publication, Bitsboard, My first app, æfingablöð frá talmeinafræðingum, ABA materials myndir og ýmist heimatilbúið</p>



	námsefni sem hugmyndir að hafa verið sóttar á veraldarvefinn.
--	---

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

EFI-2	
Tækifæri til umbóta	Að finna þau börn sem eru með frávík í málþroska svo hægt sé að grípa inn í með skjóta og markvissa aðstoð.
Aðgerðir til umbóta	Taka EFI-2 tvisvar sinnum á öllum börnum á þriðja aldursári.
Tímaáætlun	Haust '23 – vor '24.
Ábyrgðaraðili	Sérkennslustjóri.
Endurmat; hvenær og hvernig	Sérkennslustjóri skimar börn á þriðja aldursári bæði á yngra og eldra aldursbili. Ef niðurstöður vekja grun um frávík og þörf er á frekari greiningu fagaðila og/eða ráðgjöf til foreldra eru niðurstöður notaðar til stuðnings.
Viðmið um árangur	Áætlun unnin út frá fyrri skimun og árangur hennar metinn með seinni skimun.

2.6 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Starfsmaður í 30% starfi ásamt kennurum á deildum hafa séð um kennslu tvítyngdra barna þar sem þeim er getuskipt í litla hópa. Einnig hefur talmeinafræðingur frá Norður Miðstöð verið innan handar.
---	--



<p>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt?</p> <p>Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?</p>	<p>Gefðu 10 hefur verið notað en ekki nægilega markvisst. Í vinnustundum/tvítyngishópum eru lesnar einfaldar bækur og rætt um þær, leikið með orð úr grunnorðaforða með því að klappa atkvæði, fara í samstæðuspil og fleira.</p>
<p>Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?</p> <p>Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?</p>	<p>Leitast er við að dýpka orðaforða barnanna til dæmis þegar unnið er með sagnaspjöld. Barnið nefnir sögnina og kennari bætir við. Dæmi: Barnið dregur mynd af sögninni borða, segir borða og kennari segir já, hann/hún/þau eru að borða brauð með osti.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltýngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?</p> <p>Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Einstaklingsáætlanir hafa verið gerðar ef grunur hefur vaknað um tungumálaerfiðleika. EFI-2 hefur þá verið notað til þess að fá mynd af erfiðleikum barnsins, þótt það próf sé staðlað fyrir íslensk börn, ef barn hefur náð réttum aldri. Þroskastaða barnsins er svo metin með AEPS og einstaklingsáætlun gerð í kjölfarið út frá þeim lista.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Reynt er að huga að öllum þáttum tungumálsins í vinnu deildanna. Til dæmis er unnið með orð sem tengjast tilfinningum, styrkleikum og löngunum í Blæ verkefninu. Stuðst er við myndrænt skipulag til þess að auka skilning og efla tvítyngd börn og börn með frávik í málþroska.</p>



Umbótaáætlun – fjöltyngi 2023-2024

Matstæki	
Tækifæri til umbóta	Innleiða þarf fleiri matstæki.
Aðgerðir til umbóta	Dagbók fyrir símat á málþroska barns.
Tímaáætlun	Haust '23 – vor '24.
Ábyrgðaraðili	Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
Endurmat; hvenær og hvernig	Skráningar á gefðu 10 og skoða dagbækur.
Viðmið um árangur	Að markvisst sé verið að skrá og færa í dagbækur.
Gefðu 10	
Tækifæri til umbóta	Nota gefðu 10 á markvissari hátt.
Aðgerðir til umbóta	Skráningarblöð fyrir gefðu 10.
Tímaáætlun	Haust '23 – vor '24.
Ábyrgðaraðili	Deildarstjórar og allt starfsfólk.
Endurmat; hvenær og hvernig	Skráningarblöð eru fyllt út.
Viðmið um árangur	Að markvisst sé verið að skrá.
Hæfniramar íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla	
Tækifæri til umbóta	Innleiða hæfniramma.
Aðgerðir til umbóta	Skráningarblöð fyrir hæfniramma.
Tímaáætlun	September '23 – maí '24.
Ábyrgðaraðili	Deildarstjórar, sérkennslustjóri og allt starfsfólk.



Endurmat; hvenær og hvernig	Skráningarblöð eru fyllt út að hausti og að vori.
Viðmið um árangur	Að markvisst sé verið að skrá.

3 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

3.1 Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl voru tekin við helming starfsfólks í vor. Sest var niður með hverjum starfsmanni fyrir sig en allir höfðu fengið nokkrar spurningar til umhugsunar sem ræddar voru í samtölunum. Áherslur í þeim voru: samskipti, líðan í starfi, starfsaðstæður, starfsþróun og hvað má betur fara. Í samtölunum kom upp sú hugmynd að uppfæra fræðabókasafn leikskólans og hafa aðgengilegt þannig að allir geti notað það í undirbúningi.

Meirihluti starfsfólks sagði að veturinn hafi verið krefjandi í byrjun, vegna þess að talsvert var um að nýtt starfsfólk væri mikið fjarverandi og entist stutt. Seinnipart vetrar voru gerðar breytingar á starfsmannahópnum, sem hefur gefið góða raun. Starfsfólki finnst sveigjanleiki mikill og skipulag er ekki niðurnjörvað sem er nauðsynlegt í leikskólastarfi. Góð samskipti eru við stjórnendur, gott að leita til þeirra og aðgengi að þeim gott. Þeir hlusta og koma til móts við starfsfólk og gera allt sem þeir geta til að láta öllum líða vel.

Upplifun starfsfólks er að andi og samskipti séu betri en hefur verið áður. Samskipti í húsinu séu jákvæð og góð og ekkert baktal. Einnig sé góður mórall og auðvelt að tala saman. Mikið er af fagfólki og flestir með sömu sýn á starfið. Gott er að vinna með öðru fagfólki, þá verða samskipti áreynslulaus og hægt að viðra hugmyndir.

Líðan starfsfólks er yfirleitt góð og gaman og gott að koma í vinnuna.

Fram kom að margt starfsfólk hefði áhuga á að taka þátt í stóru þróunarverkefni og nokkrir vildu hafa hlutverk í því ferli. Verður það því að ósk sinni því við komum til með að taka þátt í verkefninu „Farsæld barna - stuðningur við uppeldisfærni foreldra,“ með Háskóla Íslands og Mennta- og barnamálaráðuneytinu á næsta leikskólaári.

Starfsfólk er ánægt með aðbúnað og vinnuaðstæður og finnst byggingin góð. Almenn ánægja er með að fá fleiri fartölvur og losna við borðtölvurnar, þannig að meira pláss verður í undirbúningsherberginu.

Í þróunarsamtölum í fyrra kom skýrt fram að margt starfsfólk vildi fá meiri fræðslu um ADHD og fékk skólinn námskeið frá ADHD samtökunum sem starfsfólk var ánægt með.

Ábyrgð á sérkennslu hefur komið í hlut deildarstjóra og aðstoðarleikskólastjóra þegar sérkennslustjóri fór í leyfi og upplifðu deildarstjórar að það hafi verið auka álag.

Hvað varðar starfsþróun voru lang flestir sem vildu fræðslu um einhverfu og BBB.

3.2 Námskeið og fræðsla 2022-2023.

- Lof mér að leika – virkni yngstu barna í leikskóla. 2 kennarar.
- Fyrstu skrefin-menntaflétta. 1 kennari.
- Íslenski málhljóðamælirinn. 2 kennarar.
- Trúnaðarmannanámskeið Eflingar. 1 kennari.
- ADHD námskeið. ADHD samtökin. Allir starfsmenn.
- Skyndihjálparnámskeið. Allir starfsmenn.
- Uppeldisfræðilegar skráningar í starfi leikskólans. Kristín Hildur Ólafsdóttir. Allir starfsmenn.
- Vinnusmiðjur: Menntastefnan, BBB. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri.
- EFI-2. 2 kennarar.
- Námsferð til Spánar, meiri hluti starfsmanna sótti námskeiðin
 - ART námskeið. Fyrirlesari Elfar Þór Jónsson.
 - Tilfinningagreind. Fyrirlesari Laura Lopez.

- Jóga og núvitund. Fyrirlesari Ylfa Jónsdóttir.
- Einn starfsmaður í meistaranámi í leikskólakennarafræðum í HÍ.
- Einn starfsmaður í meistaranámi í menntun án aðgreiningar í HÍ.
- Einn starfsmaður í lögfræðinámi.
- Ráðstefna um Vináttu, Barnaheill. Þrjú kennarar.
- Trúnaðarmannanámsskeið hjá KÍ og Eflingu. Tveir kennarar.

4 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samvinna á milli skólastiganna er aftur komin í eðlileg horf eftir COVID takmarkanir og hefur hún eflst ár frá ári og er orðin fastur liður í starfi skólans. Endurmat fór fram í vor. Við gerð starfsáætlunar vetrarins milli skólastiga var notast við áætlun síðasta árs. Aðstoðarskólastjóri Álftamýrarskóla og deildarstjóri á elstu deild funduðu í ágúst.

Heimsóknirnar byrjuðu í október. Þá fengu börnin að skoða skólann í fylgd aðstoðarskólastjóra og taka þátt í íþróttatíma með 1. bekk. Á degi íslenskrar tungu komu nemendur úr 5. bekk í leikskólann og lásu fyrir börnin. Þetta er árleg hefð og hefur reynst vel. Á aðventunni var leikskólabörnunum boðið að aðventuhátíð í Álftamýrarskóla, þar sem þau fengu heitt kakó og köku. Nemendur 1. bekkjar komu svo í leikskólann og skiptust börnin á jólakortum, sungu saman og síðan var boðið upp á ávexti. Í janúar var foreldrum elstu barna boðið á fund í Álftamýrarskóla með fulltrúum frá Víkingi, Álftabæ og Álftamýrarskóla. Foreldrar fengu upplýsingar og höfðu tækifæri til að spyrja spurninga. Einnig í janúar fóru leikskólabörnin í kennslustund með 1. bekk. Boðið var upp á íþróttatíma með nemendum á unglíngastigi í mars. Í apríl fóru börnin í mat í Álftamýrarskóla og voru í frímínútum. Í maí komu kennarar saman og endurmatu samstarfið. Dagskrá næsta skólaárs verður unnin í haust, en verður með svipuðu sniði og verið hefur.

5 Foreldrasamvinna

Í foreldraráði erum tveir fulltrúar. Þeir eru kosnir á foreldrafundi að hausti.

Aðstoðarleikskólastjóri hefur verið í tölvupóstsamskiptum og í haust var fundur í

leikskólanum. Foreldraráðið fær starfsáætlun og skólanámskrá leikskólans til yfirlestrar og gefur umsögn. Einnig kemur það að ákvarðanatöku um sumarlokun og að fagstarfi leikskólans.

Á hverju ári eru í boði tvö foreldrasamtöl í október og febrúar/mars. Í samtölunum er farið yfir alhliða þroska og líðan barnsins, ásamt því að skiptast á upplýsingum um barnið.

Foreldrar nýrra barna eru boðaðir í samtal áður en vistun hefst, án barns, í maí/júní. Boðið er upp á fleiri samtöl ef foreldrar óska þess.

Átta foreldrar sitja í stjórn foreldrafélagsins ásamt fulltrúa starfsfólks. Stjórnin sér um ýmsar uppákomur, svo sem sumarhátíð, jólaball, leiksýningar og fleira. Stjórnarfundir eru fimm til sex á ári.

Foreldrafundur var í október inni á deildum. Leik- og aðstoðarleikskólastjóri fóru á milli deilda og kynntu áherslur leikskólans. Síðan kynnti starfsfólk deilda vetrarstarfið og foreldrum var gefinn kostur á að ræða um leikskólastarfið eða annað sem þeim lá á hjarta.

6 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Næstkomandi skólaár eru fjórir skipulagsdagar að höfðu samráði við Háaleitisskóla. Dagarnir eru: 29. september, 22. janúar, 26. apríl og 17. maí. Aðrir starfsdagar verða 23. nóvember og 4. mars.

7 Fylgigögn

7.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

7.2 4 ára matsáætlun

7.3 Samstarf milli skólastiga

7.4 Mats form

7.5 Foreldrakönnun form

7.6 Starfsmannakönnun form

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Starfsáætlun 2023 – 2024

Álftaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Hulda Ásgeirsdóttir

Silja Rán Guðmundsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:





Foreldraráð er mjög ánægt með hið metnaðarfulla starf, sem er unnið í leikskólanum Álftaborg. Leikskólinn hefur yfir að ráða mjög góðu, samviskusömu og hæfu starfsfólki sem vinnur verk sín vel og sýnir það sig í vellíðan barnanna í leikskólanum. Við erum ánægðar með hve mikil áhersla sé lögð á starfsánægju og endurmenntun starfsfólks, og hátt menntunarhlutfall starfsfólks. Það er mjög jákvætt að nýr sérkennslustjóri hafi tekið við störfum.

Starfsáætlun Álftaborgar 2023-2024 er metnaðarfull og nær yfir fjölbreytta og marga þætti.

Við erum ánægðar með mikla áherslu á læsi og hvernig unnið er með læsi á margvíslegan hátt. Þróunarverkefni um Lubba hefur gefist vel og er vonandi komið til að vera. Börnin fá að taka bók með heim og lesa með foreldrum. Okkur finnst það góð leið til að tengja heimili og skóla og hvetja til lesturs heima.

Dyggðirnar sem unnið var markvisst með þennan veturinn eru vinsemd, samkennd, ábyrgð og virðing. Þessi vinna hefur góð áhrif á samskipti barnanna, fléttast inn í allt starfið og myndar mikilvægan grunn í félagsfærni.

Mikið er unnið með fjölmenningu og fjölbreyttan bakgrunn þeirra barna sem eru í leikskólanum. Hver deild vinnur með þau þjóðerni sem eru á þeirra deild. Þessi vinna skapar umræður í barnahópnum og hvetur til víðsýni.

Í vetur hefur verið sérstakt verkefni tengt menntastefnu Reykjavíkurborgar um heilbrigði. Börnin fara í hreyfistundir, jóga og læra um matarræði og tannheilsu. Eldri árgangar fara reglulega í íþróttahúsið í Safamýri og á bókasafnið í Kringlunni. Þannig samtvinnast hreyfing og tengsl við nærumhverfi.

Foreldraráð er ánægt með að hvert barn hafi sína ferilmöppu, með skráningum og verkefnum sem fylgir því í gegnum leikskólagönguna.

Myndir og myndbönd úr starfinu skapa góðan vettvang fyrir samtöl milli foreldra og barna um daginn og líðan, sem eflir bæði málþroska og tengingu milli skóla og heimilis. Við hvetjum til reglulegra myndasendinga úr daglegu starfi.

Okkur líst vel á að leikskólinn sé að fara af stað í þróunarverkefni um farsæld barna. Það eflir vonandi enn frekar samskipti milli heimila og skóla.

Með þökkum fyrir líðandi starfsár,
Foreldraráð Álftaborgar júní 2023.

Hulda Ásgeirsdóttir

Silja Rán Guðmundsdóttir

Innra mats áætlun leikskólans Álftaborgar 2023-2027

Langtímaáætlun um innra mat



Innra mat fer fram innan leikskólans og er því sjálfsmat hans og er unnið af starfsfólki. Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá. Innra mat á að stuðla að umbótum í starfi leikskólans og að efla skólaþróun.

Mat er samofið öllu skólastarfi og stöðugt til umfjöllunar í öllu starfi skólans. Í Álftaborg er unnið eftir Langtíma áætlun til 4 ára og starfsáætlun.

Stjórnun

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Starfsmannahópurinn rýnir í einkunnarorð skólans. Umhyggja, gleði og virðing.	Sameiginleg sýn og skilningur á þeim.	Umræður og gátlisti.	2023	Leikskólastjóri/aðstoðar-leikskólastjóri
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Innleiða örsamtöl 4 sinnum á ári.	Samtöl verði dýpri um starfið, hugmyndir starfsmanna og líðan þeirra.	Samantekt úr örsamtölum. Gátlistar til að kanna stöðuna reglulega.	2025	Leikskólastjóri/aðstoðar-leikskólastjóri
Faglegt samstarf	Læsisverkefni með Álftamýrarskóla.	Að fagleg brú myndist milli beggja skólastiga.	Umræður á sameignlegum fundum	2024	Stjórnendur og tengiliðir í skólunum.

			og hver fyrir sig. Fundargerðir og gátlistar.		
Leikskólaþróun og starfsþróun	Auka faglega þekkingu starfsmanna.	Að kennarar séu upplýstir og vel menntaðir skilar sér inn í starfið með börnunum.	Samræður og gátlistar. Regluleg námskeið liður í endurmenntun.	2024	Matsteymi og stjórnendur.
Skólanámsskrá	Endurskoða og betrubæta námskrá	Aðgengileg og allir stefni í sömu átt.	Umræðuhópar með öllum starfsmönnum, deildarstjórum og vinna í undirbúningi, allir fari fyrir gömlu námskránnu.	2024	Stjórnendur.

Uppeldis- og menntunarstarf

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Skipulag náms, námsaðstæður og námsvið leikskólans.	Auka velferð og nám barna.	Bætt dagskipulag og Námsumhverfi og dagskipulag styðji við þroska og nám barna. námsumhverfi.	Samræður og gátlistar rýnihópar barna.	2024	Matsteymi og deildarstjórar.
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna.	Efla þátttöku barna í ákvarðanatöku og lausnaleyti. Skapa tækifæri fyrir öll börn að þroskast á	Að börnin taki virkan þátt í að taka ákvarðanir sem varðar nám þeirra.	Skráningar í leik og starfi. Virgni barna á fundum. Rýnihópar barna.	2023	Matsteymi og deildarstjórar.

	eigin forsendum og rækta hæfileika sína.	Börnin átti sig á hæfileikum sínum og hafi aukið sjálfstraust.			
Leikskóli án aðgreiningar	Endurskoða hvernig unnið er með fjölbreytileika.	Að börnin geri sér grein fyrir fjölbreytileikanum og séu umburðarlynd og víðsýn.	Samræður við börnin og matslistar. Rýnihópar barna.	2025	Matsteymi og deildarstjórar.
Velferð, hamingja og líðan barna	Auka hamingju, velferð og líðan barna.	Börnin eru glöð og áhugasöm. Öryggi og umhyggja ríki. Streita og hávaði hafi minnkað.	Markviss samtöl við börnin. Áhorf og skráningar. Barnafundir. Rýnihópar barna, foreldrasamtöl.	2023	Deildarstjórar og matsteymi.
Námsvið leikskólans	Meta innra starf eftir áætlun skólans.	Innra mat með mismunandi leiðum.	Samræður og gátlistar.	Öll árin.	Matsteymi og deildarstjórar.

Mannauður

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Hlutverk leikskólakennara	Leikskólakennarar deili þekkingu sinni til annarra starfsmanna og veiti leiðsögn.	Aukin samvinna og samræður um faglegt starf.	Gátlistar og samtöl.	2024	Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri.
Fagmennska starfsfólks	Efla faglegar samræður milli starfsfólks.	Fagleg sýn hefur aukist. Starfsfólk meðvitað um hvað felst í faglegu leikskólastarfi.	Samtöl og gátlistar.	2024	Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri.

Starfsánægja	Auka líðan og velferð starfsmanna. Að starfsmenn séu ánægðir og þeir upplifi að það tilheyri starfsmannahópnum.	Ánægðir og áhugasamir starfsmenn sem sýna börnum umhyggju og veita þeim öryggi. Öllum líði vel.	Gátlistar og regluleg samtöl við starfsmenn. Rýnt í eigið starf. Starfsmannakönnun.	2023	Matsteymi, deildarstjórar og leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri.

Leikskólabragur

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Viðmót og menning	Sterkara lærdómssamfélag.	Gagnkvæm virðing ríki milli starfsmanna. Allir fá að koma með hugmyndir og segja álit sitt.	Samtöl, gátlistar og reglulegir fundir.	2025	Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri.
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsinga miðlun	Auka þátttöku foreldra.	Að foreldrar finni að þeir séu velkomnir og mikilvægir í leikskólastarfinu. Að foreldrar hafi meiri áhuga á að taka þátt í starfinu.	Gátlistar. Fundir með foreldrum (kaffihúsa).	2024	Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar.
Viðhorf foreldra	Að kanna ánægju með leikskólann.	Að 90% foreldra séu ánægð með leikskólann.	Foreldrakönnun.	2024	Stjórnendur, matsteymi.

--	--	--	--	--	--

Innra mat

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Framkvæmd	Að innra mat sé samofið daglegu leikskólastarfi og sé sýnilegt í skólanámskrá. Helstu þættir séu metnir reglulega.	Innra mat hafi festst í sessi í leikskólanum.	Gátlistar, umræður og matslistar.	2023-2026	Matsteymi og stjórnendur.
Gagnaöflun og vinnubrögð	Matsfundir, umræður, gátlistar. Niðurstöður úr ytra mati.	Fjölbreyttar aðferðir í mati hafa festst í sessi.	Gátlistar, umræður og matslistar.	2023-2026	Matsteymi og stjórnendur.
Opinber birting og umræður	Skýrsla sem birtist á heimasíðu og verður til umræðu í starfsmannahópnum. Gerðar verða áætlanir um umbætur sem þarf að gera.	Skýrslan sé aðgengileg á heimasíðu leikskólans.	Gátlistar, umræður og matslistar.	2026	Matsteymi og stjórnendur.

Drög á áætlun um samstarf Álftaborgar og Álftamýrarskóla veturinn 2022 - 2023

Mánudagurinn 17. 26. okt	Kl. 9:00	Fyrsta heimsókn Álftaborgarbarna í Álftamýrarskóla Guðni tekur á móti.
Mánudaginn 31. okt	Kl. 09:10	Íþróttatími með 1. bekk ,
Miðvikudaginn 16. nóv. Dagur íslenskrar tungu	Kl. 9:00	Nemendur úr 5. bekk Álftamýrarskóla koma og lesa fyrir nemendur Álftaborgar á öllum deildum.leikskólans.
Föstudaginn 2. des.	Kl. 9:15	Aðventuhátíð í Álftamýrarskóla Nemendur Álftaborgar fá heitt kakó og köku
Miðvikudaginn 14. des.	Kl. 9:00	Nemendur hittast á Álftaborg skiptast á jólakortum Börnin syngja saman og fá ávaxtahressingu að lokinni samverustundinni.
Miðvikudaginn 18. jan.	Kl. 9:00	Fundur foreldra elstu barnanna í Álftaborg, með fulltrúum Víkings. Álftabæjar og Álftamýrarskóla
Föstudaginn 27. jan.	Kl. 12:50	Álftaborgarbörn koma í heimsókn í Álftamýrarskóla og taka þátt í kennslustundum með 1. bekk.
Þriðjudaginn 7. mars	Kl. 09:50 – 10:30	Álftaborgarnemendur fara í íþróttatíma hjá unglingastiginu.
Föstudagur 14. apríl	Kl. 11:30	Allir nemendur elstu deildar Álftaborgar í mat í Álftamýrarskóla
Föstudagur 28. apríl	9:50 eða 11:50	Allir nemendur elstu deildar Álftaborgar taka þátt í frímínútum á skólalóð Álftamýrarskóla
Mánudaginn 8. maí	Kl. 14:00	Endurmat kennara á samstarfinu

Viðfangsefni/markmið

Gert	Lært	Tækifæri til umbóta

Gert/hvað hefur verið gert

Lært/hvað höfum við lært af því

Skynsamlegt/hvað er skynsamlegt að gera meira af

Álftaborg

Hvernig er aðkoma ykkar/þín að skólstarfinu?

1 2 3 4 5

Mjög lítil

Mjög mikill

Ef lítil hvað má bæta?

Eru góð samskipti milli þín/ykkar og starfsmanna?

1 2 3 4 5

Mjög léleg

Mjög góð

Ef léleg hvað má bæta?

Hafa verkefnin Bangsinn Blær og lífsleikni haft áhrif á félagsfærni barnsins?

1 2 3 4 5

Mjög lítið

Mjög mikið

Álftaborg

Mat á markmiðum í áherslum leikskólans

Þetta er hluti af umbótaráætlun stjórnenda.

Hvernig hefur gengið að kynna önnur lönd, þjóðerni og siði fyrir börnunum?

1 2 3 4 5

Mjög illa Mjög vel

Bera börnin virðingu fyrir öðrum og umhverfi sínu?

1 2 3 4 5

Mjög lítila Mjög mikla

Hversu oft er boðið upp á fjölbreyttan efnivið í Listasmiðum, sem börnin geta valið sjálf?

- alltaf
 reglulega

- sjaldan
 aldrei

Hversu oft/sjaldan er farið í markvissa útivist með áherslu á hreyfingu og úthald?

1 2 3 4 5

Mjög sjaldan Mjög oft

Að hvað miklu/ litlu leyti hefur fjölbreytni í endurnýtanlegum efnivið aukist í leik og starfi?

1 2 3 4 5

Mjög lítið Mjög mikið

Hversu oft er unnið með málörvun og læsi í litlum hópum?

- 1 sinni í mánuði í hverri viku
 2-3 í viku daglega